



Árshlutauppgjör 2F 2021

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

31. ágúst 2021





Lykiltölur úr rekstri

	2F 2021	6M 2021		
Tekjur	6.352 m.kr. 2F 2020: 6.214 m.kr.	12.760 m.kr. 6M 2020: 12.523 m.kr.		
EBITDA *	2.557 m.kr. 2F 2020: 2.300 m.kr.	5.097 m.kr. 6M 2020: 4.938 m.kr.		
EBITDA % *	40,3% 2F 2020: 37,0%	39,9% 6M 2020: 39,4%		
EBIT *	1.126 m.kr. 2F 2020: 835 m.kr.	2.248 m.kr. 6M 2020: 2.026 m.kr.		
Fjárfestingar	1.306 m.kr. 2F 2020: 1.314 m.kr.	2.591 m.kr. 6M 2020: 3.106 m.kr.		
Nettó skuldir / 12M EBITDA *	2,51 4F 2020: 1,94			
Handbært fé	6.964 m.kr. 4F 2020: 735 m.kr.			
Eiginfjárhlutfall	44,7% 4F 2020: 57,2%			
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	2.717 m.kr. 2F 2020: 2.905 m.kr.			

Atburðir 2F 2021

- Endurfjármögnun samstæðu lauk á 2F
- Síminn tók 6 ma.kr. langtímalán hjá Arion
- Síminn gaf út víxlaflokk fyrir 1,54 ma.kr.
- Míla tók 20 ma.kr. lán hjá Íslandsbanka
- Langtímaskuldir voru 15,4 ma.kr. fyrir endurfjármögnun
- Greiðsla til hluthafa upp á 8,5 ma.kr. framkvæmd þann 8. apríl
- Handbært fé er um 7 ma.kr. í kjölfar endurfjármögnunar og greiðslu til hluthafa
 - Eiginfjárhlutfall er 44,7% eftir breytingar
 - Nettó skuldir með leiguskuldbindingum / 12 M EBITDA er 2,51
- Söluandvirði Sensa að fullu greitt á 2F
- Sýningarréttur að ensku úrvaldsdeildinni tryggður til næstu ára



Rekstur




Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	2F			6M		
	2021	2020	%	2021	2020	%
Rekstrartekjur	6.352	6.214	2,2%	12.760	12.523	1,9%
Kostnaðarverð sölu	(3.152)	(3.188)	-1,1%	(6.367)	(6.152)	3,5%
Rekstrarkostnaður	(2.074)	(2.691)	-22,9%	(4.145)	(4.845)	-14,4%
EBIT	1.126	335	236,1%	2.248	1.526	47,3%
Hrein fjármagnsgjöld	(315)	(185)	70,3%	(502)	(418)	20,1%
Tekjuskattur	(177)	(136)	30,1%	(368)	(332)	10,8%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	634	14	4428,6%	1.378	776	77,6%
Aflögð starfsemi	(16)	69		2.124	71	
Hagnaður tímabils	618	83	644,6%	3.502	847	313,5%
EBITDA	2.557	1.800	42,1%	5.097	4.438	14,8%
Hagnaður á hlut	0,10	0,01	900,0%	0,44	0,10	340,0%


Rekstur 2F 2021

- Rekstrarafkoma batnar frá 2F 2020
- Tekjuvöxtur var 2,2% frá 2F 2020
- Farsímatekjur með sterkan vöxt drifinn áfram af góðu gengi þrennu, auknum tekjum af virðisaukandi þjónustu og magnsendingum á SMS
- Tekjuvöxtur í sjónvarpsþjónustu einkum vegna áframhaldandi velgengi Premium þjónustunnar
- Internettekjur hækka en tekjur af línugjaldi dragast lítillega saman
- Afkoman á 2F 2020 var lituð af 500 m.kr. sekt frá Samkeppniseftirlitinu auk 125 m.kr. kostnaðar vegna uppsagna á 2F 2020
- Sektin var lækkuð um 300 m.kr. á 4F 2020
- Afkoma Mílu sambærileg á milli ára


Rekstrartekjur



EBITDA *



EBIT *







* Án stjórnvaldssektar 2F/4F 2020



Tekjur eftir starfspáttum

Starfspættir	2F				6M			
	2021	2020	Breyting	%	2021	2020	Breyting	%
Farsími	1.436	1.318	118	9,0%	2.799	2.704	95	3,5%
Talsími	396	431	-35	-8,1%	799	876	-77	-8,8%
Gagnaflutningur	2.207	2.193	14	0,6%	4.446	4.373	73	1,7%
Sjónvarpsþjónusta	1.566	1.500	66	4,4%	3.188	3.083	105	3,4%
Vörusala	514	496	18	3,6%	1.031	915	116	12,7%
Annað	233	276	-43	-15,6%	497	572	-75	-13,1%
Samtals	6.352	6.214	138	2,2%	12.760	12.523	237	1,9%





Rekstur 6M

Afkoma batnar á milli ára

- Væntingar um tekjuvöxt í lykilvörum hafa gengið eftir
 - Farsímatekjur aukast þrátt fyrir að enn sé samdráttur í reikitekjum
 - Reikitekjur drógust saman um 43 m.kr. á milli ára
 - Sjónvarpsþjónusta með stöðugan tekjuvöxt
 - Einkum Premium varan sem stendur á bakvið vöxtinn
 - Vel hefur gengið að halda áskrifendum þrátt fyrir minna framboð af efni frá erlendum framleiðendum vegna COVID og áherslubreytinga margra þeirra (e. DTC, direct-to-consumer)
- Kostnaður nánast óbreyttur á milli ára þrátt fyrir talsverða verðbólgu og vísbendingar um launaskrið á markaði
 - Kostnaðaraukning vegna aukinnar framleiðslu á innlendu sjónvarpsefni
 - Markaðskostnaður eykst – Ekki varanleg hækkun heldur tímasetningarmál
 - Launakostnaður lækkar á milli ára – Meðalstöðugildum fækkar um 43 á milli ára sem skiptast jafnt á milli útvistunar og fækkunar í hagræðingarskyni
 - UT kostnaðar eykst vegna útvistunar á hugbúnaðarþróun um mitt síðasta ár
- Gengistap á fyrstu 6 mánuðum ársins skýrist af lokauppgjöri á eldri sýningarréttum á 1F 2021 og gengisþróunar á erlendri hlutabréfaeign



Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


Eignir	30.06.2021	31.12.2020
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir.....	19.125	18.991
Leigueignir.....	5.130	5.378
Óefnislegar eignir.....	32.080	32.544
Aðrar eignir.....	527	544
Fastafjármunir	56.862	57.457
Veltufjármunir		
Birgðir.....	1.316	1.127
Viðskiptakröfur.....	2.396	3.147
Aðrar skammtímakröfur.....	2.077	834
Handbært fé.....	6.964	735
Eignir flokkaðar til sölu.....	0	1.906
Veltufjármunir	12.753	7.749
Eignir alls	69.615	65.206

Skuldir og eigiði fé	30.06.2021	31.12.2020
Eigið fé		
Eigið fé.....	31.138	37.298
Langtímaskuldir		
Skuldabréfalán.....	25.210	14.289
Leiguskuldbinding.....	4.851	5.066
Tekjuskattskuldbinding.....	279	670
Langtímaskuldir	30.340	20.025
Skammtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir.....	1.518	500
Viðskiptaskuldir.....	2.311	2.554
Næsta árs afborgun.....	1.276	1.663
Aðrar skammtímaskuldir.....	3.032	2.390
Skuldir vegna eigna sem flokkaðar eru til sölu.....	0	776
Skammtímaskuldir	8.137	7.883
Skuldir og eigið fé alls	69.615	65.206


Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldb.




Eiginfjárlutfall



Nettó skuldir með leiguskuldb./EBITDA*



Arðsemi eigin fjár




* Án stjórnvaldssektar 2F/4F 2020
Leiguskuldbindingar taldar með frá árinu 2019



Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	6M 2021	6M 2020
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður ársins.....	2.248	1.526
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir og virðisrýrnun.....	2.849	2.912
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi.....	(1)	(4)
	5.096	4.434
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....	631	1.843
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	5.727	6.277
Nettó greiddir vextir.....	(287)	(383)
Greiddir skattar.....	(442)	(375)
Handbært fé frá rekstri	4.998	5.519
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(2.591)	(3.106)
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	(251)	(62)
Sala eignahluta og aflögð starfsemi.....	2.400	429
Fjárfestingarhreyfingar	(442)	(2.739)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður.....	(500)	(500)
Viðskipti með eigin bréf.....	(1.196)	(450)
Útgreitt hlutafé.....	(7.968)	0
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(239)	(277)
Nettó breyting á lánum.....	11.589	(792)
Fjármögnunarhreyfingar	1.686	(2.019)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	6.242	761
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	(13)	(2)
Handbært fé í upphafi árs.....	735	217
Handbært fé í lok tímabilsins.....	6.964	976






*Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti að frádragnum fjárfestingahreyfingum



Fjárfestingar



Fjárfestingar



*Árið 2018 er endurgert m.v. breytta framsetningu á sýningarrétti sjónvarpsefnis.



Um starfsemina

Síminn

- Enski boltinn á dagskrá hjá Símanum til ársins 2025
 - Síminn tryggði sér í sumar endurnýjun á sýningarréttinum að ensku úrvalsdeildinni til þriggja ára.
 - Eitt ár er eftir af núverandi samningi og verður því enski boltinn á dagskrá Símans Sport a.m.k. næstu fjögur keppnistímabil eða til vorsins 2025.
 - Sú breyting hefur varanlega orðið á þjónustunni að nú verða allir 380 leikir hvers tímabils sýndir í beinni útsendingu.



Enski boltinn rúllar hjá Símanum næstu fjögur árin





Síminn


- Samstarfssamningur við Almennaróm
 - Almennarómur, miðstöð máltækni á Íslandi, ber ábyrgð á máltækniáætlun stjórnvalda.
 - Markmið áætlunarinnar er að vernda íslenska tungu, með því að tryggja að við getum og munum nota íslensku í samskiptum við og í gegnum stafræn tæki og tölvur.
 - Síminn ætlar sér að vera ötull liðsmaður íslenskrar tungu og styrkja hana og efla þannig að hún verði ekki skilin eftir í stafrænni þróun.
- Síminn skapar tækifæri fyrir starfsfólk
 - Starfsmönnum hefur verið boðið að undirgangast raunfærnimat þar sem starfsreynsla er metin til eininga í framhaldsskóla.
 - 50 starfsmenn hafa farið í gegnum raunfærnimat og 25 eru að klára sitt formlega nám. Þegar hefur einn starfsmaður lokið stúdentsprófi.






Gagnaumferð í farsímakerfi heldur áfram að aukast

Gagnaumferð í farsímakerfi



Gagnaumferð erlendra gesta




Gagnaumferð eykst

- Gagnaumferð í farsíma heldur áfram að aukast
 - 35% vöxtur í gagnanotkun á milli ára.
 - Með tilkomu 5G má gera ráð fyrir að gagnaumferð muni aukast enn hraðar.
 - Í dag er Síminn með rúmlega 550 4G senda sem ná til 99,9% landsmanna.
 - Afkastageta senda hefur verið aukin víða um land til að mæta aukinni notkun.
- Ánægjulegur vöxtur í reiki erlendra ferðamanna hjá Símanum
 - Reikinothkun hefur tekið við sér eftir mikla lægð frá því í mars 2020.
 - Gagnaumferðin undanfarinn mánuð er nálægt því að vera tvöföld borin saman við sama tímabil í fyrra og á pari við umferðina árið 2019. Einingaverð í reiki halda áfram að lækka, þ.a. aukin notkun skilar sér ekki að öllu leyti í auknum tekjum.
 - Umferð erlendra ferðamanna var í algjöru lágmarki þegar landið var nánast lokað.

Míla

- Rekstur farsímadreifikerfis og IP nets kominn yfir til Mílu
 - Míla keypti farsímadreifikerfi og IP net af Símanum um síðustu áramót.
 - Reksturinn hefur gengið vel og er í samræmi við áætlanir.
- Uppbygging 5G kerfis gengur samkvæmt áætlun
 - Þegar hafa 12 sendar verið gangsettir á höfuðborgarsvæðinu.
 - Í lok árs munu a.m.k. 25% landsmanna geta tengst 5G kerfi Símans.
- Ljósleiðaravæðing Mílu heldur áfram
 - Í maí voru 100.000 heimili komin með aðgang að ljósleiðara Mílu.
 - Míla fór af stað með nýjung á nokkrum völdum þéttbýlisstöðum þar sem hafin er uppbygging ljósleiðara til heimila gegn greiðslu stofngjalds.
 - Fleiri staðir bætast við í haust og mun þetta flýta ljósleiðaravæðingu þéttbýlisstaða.
 - Míla lauk ljósleiðaravæðingu dreifbýlis Reykjavíkurborgar samkvæmt útboði.



Áætluð dekkning 5G kerfis seinni hluta árs 2021



Míla

- Endurnýjun bylgjulengdarkerfis
 - Bylgjulengdarkerfið er ein mikilvægasta grunnstoð fjarskipta í landinu.
 - Núverandi kerfi hefur þjónað landinu í rúm 10 ár.
 - Helmingur núverandi kerfis verður endurnýjaður á þessu ári og hinn helmingurinn á næsta ári.
 - Eftir uppfærslu mun flutningsgeta og sveigjanleiki innanlands aukast verulega sem m.a. mun styðja við ljósleiðaravæðingu úti á landi og uppbyggingu 5G allt í kringum landið.
 - Einnig var í fjórðungnum sett upp ný 200 Gb stofntenging yfir hálandið á nýrri hálandisleið. Með því eykst rekstraröryggi fjarskipta á landsvísu.
- Eldgos á Reykjanesi
 - Míla hefur fylgst vel með þróun eldgossins á Reykjanesi.
 - Hraun rann yfir stofnljósleiðara við Nátthaga og var öllum fjarskiptum komið á nýjan streng sem liggur sunnar, meðfram Suðurstrandarvegi án þess að óeðlileg truflun yrði á fjarskiptum.
 - Ljóst er af reynslunni að innviðir í jörðu standast illa það álag að lenda undir hrauni.
 - Viðbragð og skipulag við frekari breytingum vegna hraunflæðis á svæðinu liggur fyrir og verður virkjað ef til þess kemur.





Míla

Stefnumótun til framtíðar

- Áfram eru framtíðarmöguleikar Mílu sem sjálfstæðs félags til skoðunar, undir handleiðslu Lazard og Íslandsbanka.
- Eins og tilkynnt var um í apríl síðastliðnum koma eigendabreytingar á félaginu til greina, en ekkert hefur enn verið ákveðið í þeim efnum.
- Erlendir og innlendir fjárfestingarsjóðir hafa sýnt félaginu áhuga og verður rætt nánar við hluta þeirra í framhaldinu.
- Veturinn verður nýttur til að ljúka stefnumörkun um félagið.



Horfur 2021




Rekstrarhorfur 2021

Horfur í samræmi við fyrri væntingar

- Rekstur á fyrstu 6M 2021 er í takti við væntingar og útlit fyrir að EBITDA verði innan spábils sem kynnt var í febrúar.
- Kjarnavörur Símans halda sínu og útlitið er ágætt fram á við.
- Haustið er besti sölutíminn sem Síminn ætlar að nýta vel.
- Nýjungar í sjónvarpsþjónustu, sala yfir net GR og stöðugleiki til næstu ára í sýningarrétti enska boltans mynda gott undirlag fyrir söluaðgerðir haustsins.
- Kostnaði vel stýrt – Stöðugleiki í gengi er mikilvægur.
- Endurfjármögnun styrkir lausafjárstöðu og bætir fjármagnsskipan samstæðu og dótturfélags.
- Arðbær ný fjárfestingaverkefni í innri kerfum eru til skoðunar sem gætu í einhverjum tilfellum komið til framkvæmda á þessu ári.



Horfur fyrir árið 2021




EBITDA samstæðu án Sensa og 200 m.kr. stjórnvaldssektar var 10.156 m.kr. árið 2020
Fjárfestingar samstæðu án Sensa voru 5.643 m.kr. árið 2020




Hluthafar



Hluthafar



Hluthafar 26.8.2021	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	1.162.220.631	15,41%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	878.257.927	11,65%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	744.000.000	9,87%
Gildi - lífeyrissjóður	612.192.195	8,12%
Íslandsbanki hf.	423.698.947	5,62%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	301.648.466	4,00%
Stapi lífeyrissjóður	300.051.432	3,98%
Birta lífeyrissjóður	294.547.263	3,91%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	261.618.000	3,47%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	251.575.320	3,34%
10 stærstu hluthafar	5.229.810.181	69,36%
Aðrir hluthafar	2.186.087.889	28,99%
Samtals útstandandi hlutir	7.415.898.070	98,35%
Eigin bréf	124.101.930	1,65%
Heildarhlutafé	7.540.000.000	100%



Hluthafar

- Arðgreiðsla upp á 500 m.kr. greidd í apríl 2021 í samræmi við samþykkt aðalfundar.
- Hlutafé var lækkað um 316 m.kr. að nafnverði.
- Hlutafé var lækkað um 894 m.kr. að nafnverði með greiðslu til hluthafa. Greiddir voru 8 ma.kr.
- Aðalfundur 2021 veitti heimild til að kaupa allt að 754 m.kr. að nafnverði fram til næsta aðalfundar.
 - Stjórn hefur samþykkt að kaupa fyrir allt að 2 ma.kr. að kaupverði með endurkaupum.
 - Endurkaup hófust í byrjun maí og hefur þegar verið keypt fyrir rúmlega 1 ma.kr.
- Hlutabréf Símans hafa hækkað um 43% það sem af er ári.



Viðaukar



Lýsing starfsþátta

- **Farsími:** Farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
- **Talsími:** Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsneta.
- **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
- **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
- **Annað:** Útseld þjónusta tengd fjarskiptum og upplýsingatækni.



Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

